Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður
Breiðdalsvík
Berufjörður
Búðir
Fáskrúðsfjörður
Breiðdalur
Suðurdalur
Norðurdalur
Fossárfell
Axlafjall
Fossárdalur
Tröllafjall
Dalsdalur
Stöðvardalur
Skýringar
Legend
Ómerkt gönguleið
Unmarked hiking trail
Merkt gönguleið
Marked hiking trail
Reiðleið
Riding trail
Númer gönguleiðar
Hiking trail number
Malbikaður vegur
Paved road
Malarvegur
Gravel road
Vegarslóðir
Back road
Jarðgöng
Road tunnel
Bær
Farm
Eyðibýli / frístundabyggð
Abandonned farm / Summer house
Rústir
Ruins
Kirkja
Church
Forn kirkjustaður
Ancient church site
Áhugaverður staður
Place of interest
Sögulegir staðir
Historical places
Neyðarskýli
Emergency shelter
Mælikvarði korts / Scale 1 : 75000
0 1 2 3 4 5 km
Kortagerð og hönnun: Hafþór Snjólfur Helgason landfræðingur
2. útgáfa 2017. Byggt á korti Áskels Heiðars Ásgeirssonar frá 2001
Kortagrunnur: ©Landmælingar Íslands. Útgefandi: Breiðdalshreppur



Göngufélag Suðurfjarða
ALCOA
BYGGÐASTOFNUN
BREIÐDALSSETUR
MÁLVÍSINDI – JARÐFRÆÐI – SAGAN
RESEARCH AND HERITAGE CENTRE

GÖNGULEIÐIR - BREIÐDALSVÍK OG NÁGRENNI
HIKING TRAILS – BREIÐDALSVÍK & SURROUNDINGS

Hér á eftir fer stutt lýsing á ýmsum þekktum göngu- og reiðleiðum á svæðinu. Látið vita ef um skekkjur er að ræða: **info@breiddalssetur.is** Áætlaður göngutími miðast við þægilegan gönguhraða (2,5 - 4 km á klst.), en er að sjálfsögðu aðeins til viðmiðunar. Virðið ávallt náttúruna, gætið varkárni og styggið ekki sauðfé eða annan búsmala að óþörfu. Sýnið fuglum og gróðri virðingu. Ferðist sem mest á skilgreindum leiðum og skiljið við hlið eins og komið var að þeim. Látið alltaf vita af ferðum ykkar t.d. með því að skrá ferð ykkar á ***www.safetravel.is*** - það eykur öryggi. Athugið að hreindýraveiðitímabil stendur yfir á svæðinu 15. júlí – 20. september. *The following is a brief description of various known hiking and riding trails in this area. Please let us know about any errors:* ***info@breiddalssetur.is.*** *The estimated walking time is based on a comfortable pace (2.5-4 kph) and is only to give some idea of it. Please respect nature at all times, including the birds and vegetation. Do not frighten sheep or other livestock unnecessarily, and leave any gates as you found them. Use caution, remaining on designated trails where they exist. For safety's sake, always inform someone of your travel plans, for instance on the website* ***www.safetravel.is.*** *Note that the reindeer-hunting season for the area lasts from 15 July to 20 September.*

Gönguleiðir/*Hiking trails*	Stikaðar leiðir/*Marked trails*	Reiðleiðir/*Riding trails*

Leiðalýsingar / *Route descriptions*

1. Stafsheiði (pass) 23 km. 8 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 500 m.
Um Stafsheiði liggur allgóður jeppavegur, en farið er sem leið liggur inn með Norðurdalsá frá Þorvaldsstöðum og síðan inn með Stafsheiðará upp á Stafsheiði. Niður heiðina er síðan farið út Þórudal með Jóku þar til komið er niður á þjóðveg í Skriðdal. *Near the Stafsheiði mountain pass lies a road, suitable for jeeps. It lies inwards beside the Norðurdalsá river from the farm Þorvaldsstaðir. This road takes you along Stafsheiðará river and then up and through the mountain pass. On the other side of this pass is the Þórudalur valley and the road goes along side Jóka river and all the way down to the main road in Skriðdalur.*

2. Þórdalsheiði *(pass)* 10 km. 4-5 klst./*hrs.*
Um Þórdalsheiði liggur nú allgóður sumarvegur, en heiðin var áður einn helsti fjallvegurinn milli Héraðs og fjarða. Farið er af þjóðvegi 1 í Skriðdal við Jóku og fylgir vegurinn ánni inn Þórudal þar til að hann beygir inn Brúðardal. Af háheiðinni, við Hvalvörðu, liggur vegurinn um Drangsbrekku meðfram Yxnagili út Áreyjardal og að Áreyjum. Hæst í 498 m y.s.m. *Near the Þórdalsheiði mountain pass lies a fair road that used to be one of the main roads between the middle-east region and the east fjords. From road nr.1 go into the Þórudalur valley. Following the road you come at a crossing, taking the left turn leads you through the mountain pass called Þórdalsheiði and into Áreyjardalur valley. On the highest point of the pass you come across a cairn (rock marker) called Hvalvarða. The road lies about Drangsbrekka slope, along side of the Yxnagil canyon, throughout Áreyjardalur valley and all the way to the farm Áreyjar. Highest point in 498 m o.s.l.*

3. Stuðlaheiði *(pass)* 14 km. 6 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 750 m.
Farið frá Dölum eftir línuvegi inn hlíðina inn Upsahrygg og Stuðlaheiðardal, inn að Heiðarvaði. Farið þar yfir Hrútá, inn neðan í Hrútafelli, inn að Jökullæk og þaðan beint í Stuðlaheiðarskarð í 785m y.s.. Úr skarðinu er farið í vestur, en síðan norður á Heiðarbrún. Af brúninni til austurs er Hlíðarbotn, niður Vegghamra, eftir þeim í Sniðið og niður í Ferðamannabotn. Úr botninum niður Langahrygg meðfram gili, yfir Þverá, komið á Vegghamra neðri, er þá stutt eftir niður á Stuðlatúnið í Reyðarfirði. (Sjá nánar á kortinu „Gönguleiðir á Fjarðaslóðum").
There is an old road (or so called "electricity line-road") that begins at the farm Dalir in the Fáskrúðsfjöður fjord. It leads to a ridge named Upsahryggur and goes from there, inwards to the Stuðlaheiðardalur valley. From there you can cross the Hrútá river and follow the road up to the Stuðlaskarð mountain pass, 785 m a.s.l. From the pass you go west, and later to the north (See map "Gönguleiðir á Fjarðaslóðum").

4. Hoffell *(peak)* 10 km. 8 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 1000 m.
Gengið af Dalavegi upp með Ljótunsá að utan, upp í utanverðan Sauðdal, upp úr honum, upp í Eyrarskarð, úr skarðinu út og upp á Hoffellið (1029 m). Sama leið til baka. Mjög gott útsýni. Gestabók er á fjallinu. *Walk from Dalavegur road and upwards beside the river Ljótunsá, up to a valley called Sauðdalur. While following the river it changes into four different branches. Follow the outermost branch, it will lead you to the Eyrarskarð mountain pass and once you have reached the pass, you can walk from there up to the Hoffell mountain peak (1029 m). Take the same route back to get down again.*

5. Hrossadalsskarð *(pass)* 5 km. 3 klst./*hrs.*
- Hækkun/*rise in elevation* 500 m.
Farið er frá Brimnesgerði upp með Villingaá inn Hrossadal og upp í skarðið, sem liggur milli Kerlingarfjalls og Heljartinds. Niður úr skarðinu liggur svo leiðin um Skötusteina, farið er fyrir utan bratta brekku, niður hjalla þar til komið er að Hafranesi. Áður fyrr var leiðin fjölfarin og var síminn lagður yfir skarðið um leið og hann kom á Austurland, voru þá símstöðvar á bæjunum sitt hvoru megin við skarðið, en eru nú aflagðar fyrir nokkru. *Start your journey from an old farm called Brimnesgerði. Follow the Villingaá river upstream and into the Hrossadalur valley and up to the pass between the two mountains named Kerlingarfjall and Heljartindur. On the way down, through the mountain pass, you walk past big rocks called Skötusteinar, shortly followed by a steep slope. Once down follow a terrace, all the way down to the farm Hafranes in Reyðarfjörður fjord. A long time ago, this route was very much used, and the first telephone line in the area was laid over this mountain pass.*

6. Staðarskarð *(pass)* 8 km. 3 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 400 m.
Gamall þjóðvegur er yfir skarðið, en hann var aflagður þegar lagður var vegur um Staðar- Kyrruvíkur- og Vatternesskriður 1966-68. Frá Fáskrúðsfirði er farið frá Höfðahúsum upp í Staparskarð, úr því liggur vegurinn um hjalla fram hjá Vindingavörðu. Þaðan liggur hann svo niður Gvöndarhjalla að vegi 955. Þægileg gönguleið. *Going from the Fáskrúðsfjörður fjord, the journey starts from Höfðahús and goes up in to the mountain pass. From there it leads downwards along side a small terrace into the Reyðarfjörður fjord. The old road takes you inward along side a rather narrow terrace that leads all the way down road nr. 955. This old road used to be an old crossing between the two fjords, Fáskrúðsfjörður and Reyðarfjörður. This road hasn't been maintained since the new road was built in 1966-1968, which now lies along the coastline.*

7. Staðarheiði *(heathland)* á/*to* Halaklettur 573 m. *(cliff face)*
10 km. 4 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 550 m.
Gengið af þjóðvegi 955 rétt utan við Kolfreyjustað, upp á hjalla sem heitir Staðarheiði, út eftir honum upp í Halaklettsskarð, út eftir egg, þar til komið er að klettaskoru sem skilur klettinn frá egginni. Það þarf að fara yfir klettaskoruna til að komast út á klettinn. Þessi leið er ekki fyrir lofthrædda og þarf aðgæslu við. Gestabók er á klettinum. *Go from road 955, just past the church of Kolfreyjustaður up to the next terrace. The heathland above the terrace is called Staðarheiði. Going from there you follow the terrace, going outwards and also slowly upwards and up to Halaklettsskarð pass. From there you can follow a really thin terrace that leads you to a rift in the terrace. You need to cross this rift to reach Halaklettur. Beware, this track is not for people with a fear of hights. At the destination you can find a guestbook.*

8. Vatnsdalur *(valley)* 19 km 6 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 400 m.
Leiðin liggur frá Þorvaldsstöðum inn dalinn meðfram Norðurdalsá þar til hún skiptist í Stafsheiðará og Vatnsdalsá við Tungufellssporð og er Vatnsdalur genginn á enda að þjóðvegi 1. *Going from the farm Þorvaldsstaðir, follow a road going along side the river Norðurdalsá, until the valley splits into two. The road goes to the valley on the right, but you enter the Vatnsdalur valley, which is on the left. Walk through the valley until you reach Skriðdalur valley, which goes across the Vatnsdalur valley. There you reach road nr. 1.*

9. Launárskarð *(pass)* 13 km. 6 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 700 m.
Farið upp frá Þorvaldsstöðum yfir svokallaðan Hvolpastíg sem liggur um Geldingsmúla, er gengur fram úr Þórisfjalli. Frá Hvolpastíg liggur leiðin fyrir innan Gilsárdal og síðan upp með Launá, alla leið upp í skarðið sem liggur milli Vaðhornanna. Síðan er gengið inn á veginn yfir Reindalsheiði (leið 10) og honum fylgt eins og leið liggur niður Bröttubrekku út Tungudal niður í Tungu, hæst í um 900 m. *You walk from the farm Þorvaldsstaðir and over so called Hvolpastígur (Puppy-path), which lies over Geldingsstaðir ridge. This ridge is actually an extension of Þórisfjall mountain. Going over the ridge leads you to a valley, called Gilsárdalur. On the other side of the valley runs a stream, between two mountain peaks, both called Vaðhorn. Following this stream, called Launá, leads you up to the Launárskarð mountain pass. Going down from the pass to Tungudalur valley (track 10), you come across an old road which you follow until you reach a farm called Tunga, highest point 900m a.s.l.*

10. Reindalsheiði *(pass)* Gamla póstleiðin *(old post road)*
- 15 km. 6 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 700 m.
Farið frá Tungu inn Tungudal og áin höfð á vinstri hönd, inn að Bröttubrekku. Upp Bröttubrekku, Svartagil haft á vinstri hönd og upp á brekkubrún, yfir Launá og beygt með hlíðinni fyrir botn dalsins, síðan þverbeygt til vesturs og upp á skarð á Reindalsheiði sem er á milli Heiðarhnjúks að vestan og Njáls og Beru að austan. Tvær vörður eru í há skarðinu og er farið milli þeirra. Þá hallar niður í Fossdal að bænum Gilsá í Breiðdal. Ath: Njáll og Bera eru klettadrangar sem vert er að skoða í góðu veðri (sjá leið 17). *Follow a road on the right side of the river Tunguá. That road leads to Tungudalur valley and up a steep incline called Brattabrekka, at the bottom of the valley. The canyon Svartagil should be on your left hand side. Once you are up the incline, turn left and cross the river Tunguá and walk eastwards, towards the mountain peaks called Njáll and Bera. The mountain pass is between Heiðarhnjúkur mountain, which is on the west side, and the Njáll and Bera mountain peaks on the east side (see also track 17). Walking through this pass, you walk between two carins and from there you go down into Fossdalur valley. You will come across a road which leads down to the farm Gilsá, in the Breiðdalur valley.*

11. Stöðvarskarð *(pass)* 8 km. 5 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 600 m.
Farið upp frá Merki (sjónvarpsstöð) eftir línuvegi, upp í Viðarbotna, þaðan út og upp í hlíðar Gráfells, síðan inn og upp hlíðina í skarðið. Úr skarðinu sunnanmegin er farið eftir línuvegi út og niður fyrstu brekku, þá slitnar vegurinn í sundur á kafla, en þegar komið er niður fyrir Einbúa er aftur komið á veginn og honum fylgt út Jafnadal og niður á þjóðveg 96. Einbúi eru stórir stakir steinar sem vert er að skoða, í dalskvosinni út og niður frá skarðinu. *Going up from a place called Merki (a small cabin with a transmit antenna), follow a road up to Viðarbotnar basin. From there you go up the mountain side of Gráfell and then inward and upward to the Stöðvarskarð mountain pass. From there, the road leads down to the Stöðvarfjörður fjord road nr. 96. through the Jafnadalur valley. Be aware that the road can sometimes be unclear, but it should appear again.*

12. Gráfell *(peak)* 721 m, 10 km. 3 klst./*hrs.*
- Hækkun/*rise in elevation* 700 m.
Gengið er upp frá Háteigi inn að Ljósumelum, en farið er upp í melana, meðfram og yfir Ytra- og Innra-Tröllagili. Síðan er stefnan tekin inn fjallið þannig að komið er upp í Eyrareggjarnar, sem liggja í boga frá Gráfelli suðaustur undir Kumlafell, en upp á eggjarnar þarf að komast svo að leiðin verði greiðfær inn á fellið. Mjög skemmtileg leið með fallegu útsýni. *Walk from Háteigur up to the Ljósumelar mountain scree, from there you climb the scree and follow Tröllagil canyon up to a mountain ridge called Eyraregg. The mountain ridge lies in a U-shaped formation between Kumlafell and Gráfell moutains. Once you have reached this ridge, you can walk towards Gráfell. A very enoyable walk with beautiful scenery.*

13. Lambaskarð *(pass)* 9 km. 4 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 600 m.
Farið er frá þjóðvegi 96 við brú á Víkurgerðisánni, upp með ánni inn Fleinsdal og síðan er haldið út með hlíðum Sauðabólstingds út í Lambaskarð. Síðan er gengið niður að þorpinu í Stöðvarfirði. *Walk from the bridge crossing Víkurgerðisá river from road nr. 96 and up beside the river into the Fleinsdalur valley. Going from the bottom of the Fleinsdalur valley, you walk outwards on the slopes of the Sauðabólstindur mountain, until you reach the Lambaskrað mountain pass. From there you can go straight down to the Stöðvarfjörður village.*

14. Sandfell *(peak)* 12 km. 4 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 700 m.
Farið er sömu leið og yfir Lambaskarð (leið 13), þ.e. upp með Víkurgerðisá að utanverðu, inn í botn á Fleinsdal, síðan beygt til hægri og inn og upp á Sandfell (743 m). Sama leið til baka. Mjög athyglisverður staður. Gestabók er á fjallinu. *Walk the same way up to Fleinsdalur valley, as is described trail nr. 13. When you reach the bottom of Fleinsdalur, walk inwards and up to reach the Sandfell mountain. This is a particulary geologically interesting place. A guestbook is on the mountain (743 m).*

15. Víkurheiði, 10 km. 3 klst./hrs. Hækkun/rise in elevation 400 m.
Farið er frá bænum Vík upp og eftir Víkurhjalla í Leirudal, suður hann með Leirufelli. Hvammsvötn höfð á vinstri hönd þar sem komið er á Vegahrygg, síðan meðfram honum suður af. Komið þá á mela sem eru ofan við þorpið í Stöðvarfirði.
Walk from the farm Vík, outwards and upwards to Víkurhjalli ridge. Going up the ridge, you walk past the Leirufjall mountain and towards Hvammsvötn lakes. Going past the left side of the lake, will take you up to Vegahryggur ridge and from there you keep going downwards through the Víkurheiði heathland and towards the Stöðvarfjörður village.

16. Brúnir, 8 km. 2 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 300 m.
Rétt fyrir innan Hafnarnes er Garðsá og gott er að fylgja henni að upptökum úr lítilli tjörn og betra er að vera austan megin tjarnarinnar. Síðan er gengið til suðurs eftir Gvendarnesbrúnum og inn Ólukku, yfir brúnir niður að þorpi. Mjög létt og þægileg gönguleið. *About 300 m inwards from Hafnarnes, lies the stream Garðsá. Follow the stream up to its source, a small lake. Walk past the east side the lake and to the south parallel Gvendarnesbrúnir cliff face, through Ólukka, a great depression in the landscape and then walk parallel to the cliff face, down towards the village. A easy and casual trail.*

17. Njáll & Bera *(peaks)*, 20 km. 6 klst./*hrs.*
- Hækkun/*rise in elevation* 900 m.
Mjög skemmtileg gönguleið meðfram Tinnu, en gott er að leggja af stað við brúna á Norðurdalsvegi (962). Síðan er gengið sem leið liggur meðfram ánni inn allan dalinn og hann á enda þar til að komið er að þeim Njáli og Beru. En frá þeim skötuhjúum er stutt ganga inn á Reindalsheiði (leið 10). *A very enjoyable walk, following the river Tinna. Its most convenient to start the hike from the bridge crossing Tinna (road nr 962). From there you simply follow the river up to Tinnudalur valley all the way up to its source, until you reach the Njáll and Bera mountain peaks. From there you can also walk on to Reindalsheiði heathland (track 10), for a better view over Breiðdalur valley. The to peaks are said to be trolls that got to stone, when the sunlight touched them.*

17a. Kistuurð, *(rocky area)* 12 km. Hækkun/*rise in elevation* 500 m.
Gengið í byrjun með leið 17. Gengið upp með Tinnu í um 3 km, og síðan beygt í átt að Kistufelli. Gönguleiðin endar undir fjallinu Kistufelli, þar sem stórar steinblokkir mynda svonefnda Kistuurð, mótaða af jöklum liðinna ísalda. Margir fallegir fossar eru á leiðinni. *Go the same way as in trail nr. 17 up Tinnudalur valley.Then turn towards Kistufell mountain. The trail ends below the mountain Kistufell, where big rocks and blocks form the socalled Kistuurð (rocky area) with nice glacial polish. Many beautiful waterfalls on the way.*

18. Gunnarsskarð *(pass)* 14 km. 5 klst./*hrs.*
- Hækkun/*rise in elevation* 700 m.
Gott er að fara frá Ólafsvörðu við þjóðveg 1 og ganga að tóftunum á Árnastöðum. Síðan er stefnan að Selá og er henni fylgt upp í skarð. Skarðið sjálft afmarkast af Gunnarstindi (1025 m). og Götutindi (868 m). Niður í Stöðvardal er gengið sem leið liggur að Stöðvará og er henni svo fylgt að þjóðvegi 96. *Best is to start the walk from Ólafsvarða cairn (rock marker), which is very close to the main road number 1 and walk from there to the ruins of Árnastaður farm. From Árnastaðir hike up the slope, following Selá stream, which will lead you all the way to the Gunnarsskarð mountain pass. The mountain pass is between Gunnarstindur (1025 m) and the Götutindur (868 m) mountains. Once the mountain pass is reached, walk down into the Stöðvarfjörður fjord and walk down to the Stöðvará river and follow it outwards to the sea, until you reach the road 96.*

19. Fossdalsskarð *(pass)* 7 km. 4 klst./*hrs.*
- Hækkun/*rise in elevation* 700 m.
Þægilegasta gönguleiðin inn Fossdal er af Krókmelum og þegar komið er upp á brúnina er stefnan tekin beint upp í skarðið, sem er fyrir innan Fanndalsfjall. Suður úr skarðinu liggur leiðin niður með Brunnlæksgilinu, sem endar fyrir utan og ofan Ormsstaði. *The easiest path to the Fossdalur valley is from a place called Krókmelar. Hike from there inwards and upwards to the Fossdalur valley and once you're there, head straight to the Fanndalsfjall mountain and up into the Fossdalsskarð mountain pass. Once through the pass, the path lies down to Brunnlæksgil canyon and by following the stream you will end at the main road, close to a farm named Ormsstaðir.*

20. Fanndalsskarð *(pass)* 6 km. 4 klst./*hrs.*
- Hækkun/*rise in elevation* 700 m.
Einfaldast er að fara sömu leið upp Fossdalinn eins og þegar farið er Fossdalsskarð (leið 19), en nú er stefnan tekin á skarð sem er fyrir utan Fanndalsfjall. Niður í Breiðdal leiða Fanndalsskarð og Fanndalir okkur niður að Gljúfraborg við þjóðveg 1. *Easiest way to the Fanndalsskarð is to hike the same trail as when going to the Fossdalsskarð (trail nr 19) but take the outer pass, east of Fanndalsfjall. When you have reached the Fanndalsskarð mountain pass, head down into the Breiðdalur valley by following the small stream that leads down from the mountain pass. Doing so will take you a small farm called Gljúfraborg at road nr 1.*

21. Hvalnesháls *(ridge)*, 180 m, 2 km. 1 klst./*hrs.*
- Hækkun/*rise in elevation* 150 m.
Farið er af stað fyrir innan túnið á Hvalnesi og haldið út þaðan ofan girðingar, þar til komið er á gömlu slóðina. Innhalt í Hálsinum er grasblettur er heitir Kringla og á há hálsinum er völvuleiði. Síðan er farið til suðurs um Hvalnesáls og inn að þjóðvegi 96 í Breiðdal. Stutt, greiðfær og létt leið. *This way is short and easy to walk. Begin by going from the old field surrounding the ruins of the farm Hvalnes. From there, walk beside the main road to the terrace that lies above road 96, called Hvalnesháls. The terrrace turns and leads you into the Breiðdalur valley where it takes you back down to the main road. An old story tells a tale about a witch who was buried at the highest point of the terrace.*

22. Bæjartindur *(peak)*, 1096 m, Breiðdalsheiði, 14 km. 4 klst./*hrs.*
- Hækkun/*rise in elevation* 500 m.
Lagt er af stað við Stefánsbúð við hringveginn og farið inn fyrir Afréttargil, en þaðan er svo létt gönguleið út Aura þar til komið er út á Bæjartind fyrir ofan Þorgrímsstaði Mjög gott útsýni er á leiðinni. *Begin the journey by the little cabin, Stefánsbúð on the heathland, on road nr. 1. Start by walking above the Afréttargil canyon and from there the passage should be easy until you reach Aurar and at last the Bæjartindur mountain peak. The peak is just opposite the farm Þorgrímsstaðir and the view is excellent in good weather.*

23. Kistufell *(peak)*, 1116 m, Breiðdalsheiði, 16 km. 5 klst./*hrs.*
- Hækkun/*rise in elevation* 600 m.
Farið er frá Stefánsbúð við hringveginn inn á hraunið fyrir ofan Heiðarvatn og gengið sem leið liggur upp Hreindýrahraun út á Kistufellið. Mjög gott útsýni. Einnig er hægt að ganga frá akveginum yfir Öxi (939) eftir Kistufelli (Kjalfjalli) og áleiðis að tindinum. Sjá einning á kortinu „Gönguleiðir í Djúpavogshreppi". *The journey begins by the Stefánsbúð cabin on road nr. 1. From there you walk towards the lake where you follow "Hreindýrahraun" above, until you reach the Kistufell mountain peak. From there you have a great view down into the Breiðdalur valley. Another start for hiking is at the road over Öxi pass. Follow the Kjalfjall (Kistufell) shoulder till reaching Kistufell summit (1116 m). See also the map "Hiking Routes in Djúpivogur Municipality".*

24. Jórvíkurskarð *(pass)* Gamla Póstleiðin*/old post road.* 6 km.
- 2 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 200 m.
Farið er upp fyrir utan Jórvíkurá og gengið skáhalt út og upp melana með stefnu á skarðið. Við veginn á skarðinu er stór steinn sem Andrésarsteinn heitir, en sagan segir að maður að nafni Andrés hafi orðið úti á skarðinu og fundist sitjandi upp við steininn, undan veðri. Niður í Norðurdal er farið með Skarðsá eins og leið liggur að Engihlíð. *Follow the driveway to Jórvík until you reach the Jórvíkurá river. Once you've found the river, follow it for a while upstream and then turn east towards the mountain pass. Once on the mountain pass, go down into the Norðurdalur valley, by following the Skarðsá river all the way down to the farm Engihlíð. On the way to the mountain pass you should come across a big stone called Andrésarsteinn. The story behind the stone is that a man named Andrés was once lost in a bad storm and when the weather calmed, he was found dead sitting downwind against the stone.*

25. Dísastaðahjalli *(pass)* 5 km. 2 klst./*hrs.*
- Hækkun/*rise in elevation* 400 m.
Farið er út hjallann fyrir innan rústir Dísastaða, fyrir fellið og yfir í Norðurdal. Mjög gott útsýni fæst með því að ganga á svokallaða Bungu fremst á hjallanum. Mjög létt gönguleið sem hentar flestum. *Close to the main road are the ruins of an old farm called Dísastaðir. Going from the ruins, walk up and outwards to the terrace called Dísastaðahjalli. Following this terrace will lead you to the Norðurdalur valley. If you like, you can hike to a so called ,,Bunga", located on the edge of the terrace for a stunning view. An easy walk, suitable for most people.*

26. Berufjarðarskarð *(pass)* 8 km. Gamla póstleiðin*/Old post road*
- 4 klst./*hrs.* Hækkun/*rise in elevation* 650 m. Gengið í gegnum Breiðdalseldstöð. Frá Breiðdal er hægt að ganga frá tveimur stöðum. Annars vegar frá Höskuldsstöðum og frá Flögu (64°49,03-14°23,02) en leiðirnar sameinast fljótlega við Vegaskarð. Áfram er haldið sem leið liggur upp í Berufjarðarskarð (64°49,22-14°26,61). Niður í Berufjörð er farið fyrir innan og meðfram Svartagili að Sótabotni, en gengið er niður milli botnsins og gilsins og niður með því endilöngu alla leið niður að bæ í Berufirði (64°47,84-14°29,03). *There are two choices for a starting point on the Breiðdalur side, either Höskuldsstaðir or Flaga (64°49.03-14°23.02); these two paths soon merge in the lower pass of Vegaskarð. From there you continue over the main pass, Berufjarðarskarð (64°49.22-14°26.61), and down into Berufjörður fjord. Stay just west of Svartagil gorge while descending to the farm named Berufjörður (64°47.84-14°29.03), but avoid going as far west as the deep hollow of Sótabotn.*

27. Flögufoss *(waterfall)*, 2 km. 1 klst./*hrs.*
Hækkun/*rise in elevation* 50 m.
Flögufoss (sjá forsíðumynd) er hæsti foss í Breiðdal. Fossinn er í Flöguá sem rennur um Flögudal, sem afmarkast af Smátindum og Röndólfi og yfir fossinum liggur glæsilegur steinbogi. Frá vegi er stutt gönguleið að fossinum. Gengið er frá veginum 964. *The waterfall Flögufoss (see cover photo), is the highest waterfall in the Breiðdalur valley. The waterfall is located in Flöguá river, which runs through the Flögudalur valley. On the top of the waterfall is a spectacular rock arch. The waterfall is within short walking distance from the road. The walk starts at road 964.*

28. Innra Stangarskarð / Ytra Stangarskarð *(passes)* 8 km. 4 klst/*hrs*
- Hækkun/*Rise in elevation* 700 m.
Farið er upp frá Skriðustekk (64°48,98-14°19,14) og gengið upp með Skriðuá inn dalinn. Fyrir botni hans er fjallið Stöng (965 m) en beggja vegna þess eru Stangarskörð, ytra (64°46,78-14°20,73) og innra (64°46,97-14°21,69). Skömmu áður en komið er í innra skarðið sést eina mögulega uppgönguleiðin á tindinn, en hún er ekki fær nema vönum og aðeins tveimur í einu, en töluvert lausgrýti er í gjótunni. Niður í Berufjörð er síðan létt ganga niður undir Skálaás og að Skála (64°45,48-14°22,88). *Leaving from the old farm of Skriðustekkur (64°48.98-14°19.14), head up the valley of the Skriðuá river until you near the mountain of Stöng (965 m), where you have to choose whether to take the westerly (64°46.78-14°20.73) or the easterly (64°46.97-14°21.69) pass around it. Just before topping the westerly pass, you will spot the only possible way up onto the peak, but it is inaccessible to those unused to difficult climbing. There is considerable loose rock in a crevice, and only two people should go up at a time. Descending to Berufjörður fjord, however, is easy, past Skálaás ridge to Skáli farm (64°45.48-14°22.88).*

29. Fagradalsskarð *(pass)* 13 km. 5 klst/*hrs* Hækkun/*Rise in elev.* 600 m.
Farið er frá Fagradalsbænum (64°46,79-14°12,39) og gengið meðfram Fagradalsá inn dalinn. Fagradalsskarð (64°44,30-14°14,84) liggur milli Grjóthólatinds og Hrossatinds. Þaðan er gengið niður með Krossánni út Krossdal í átt að hringvegi (64°41,69-14°11,69). *Walk up the valley of Fagridalur from the farm named after it (64°46.79-14°12.39) and then along the river Fagradalsá, till crossing the pass also named after it, Fagradalsskarð (64°44.30-14°14.84), between Grjóthólartindur and Hrossatindur peaks. By staying on the left side of the Krossá river, you can follow the same old road all the way down to an old farm called Fossgerði, which is close to the main road nr 1. (64°41.69-14°11.69).*

30. Skammadalsskarð *(pass)*, 650 m. 12 km 5 klst/*hrs*
- Hækkun/*Rise in elevation* 600 m.
Gengið er frá akvegi 964 (64°46,82-14°09,34) inn Skammadal, sem er fyrir utan Skjöldólfsstaði og með ánni inn dalinn. Skammadalsskarð (64°44,27-14°12,21) liggur milli Hrossatinds og Kjalfjalls. Gengið er síðan niður í Krossdal inn á sömu leið og þegar farið er um Fagradalsskarð (leið 29) og áfram að hringvegi. *As you leave the road (64°46.82-14°09.34) to ascend Skammidalur, you keep east of Skjöldólfsstaðir farm. After crossing Skammadalsskarð (64°44.27-14°12.21), between the summits of Hrossatindur and Kjalfjall, you go down into Krossdalur valley and continue along it to the Ring Road nr 1, like in trail 29.*

31. Plánetustígurinn *(planetary path)* 3 km.
- 1 klst/*hrs* Hækkun/*Rise in elevation* 50 m
Stígurinn er líkan af sólkerfinu í mælikvarðanum 1:3.333.000.000. Við Breiðdalssetur (Gamla kaupfélagið) á Breiðdalsvík hefst stígurinn en þar er sólinn staðsett. Hann er 1,6 km langur og eru fjarlægðir og stærðir plánetanna í réttum hlutföllum. Hjá hverri plánetu eru upplýsingaskilti. Opið maí - sept. *The path is a much smaller version of our solar system, in which the planets are in the porportions of 1:3.333.000.000. The path is 1,6 km long and it begins in front of Breiðdalssetur, geology centre. Beside each planet are information signs with information about the planets. Only open May - Sept.*

32. Krossskarð *(pass)* 12 km. 5 klst/*hrs*
- Hækkun/*Rise in elevation* 600 m.
Farið er af veginum nokkru fyrir innan Ós í Breiðdal, við Djúpadalsá (64°46,04-14°04,21). Gengið er sem leið liggur upp með ánni dalinn á enda, en Krossskarð (650 m) (64°43,19-14°08,20) er fyrir botni hans. Farið er niður fyrir ofan og innan Krosslæk og niður undir mynni Krossdals niður að hringvegi. *Just west of Ós farm, hike up the Djúpadalsá river valley (64°46.04-14°04.21) until you reach its upper end, below Krossskarð (64°43.19-14°08.20) (650 m). Descending, stay above and west of the Krosslækur stream until its valley ends, then continue SW to road nr 1.*

33. Goðaborg (623 m) & Ósfjall *(peaks)*, 7 km. 3-4 klst/*hrs*
- Hæst/*Max. altitude* 640 m.
Gönguleið upp á Ósfjall og út á Goðaborg (623 m) en mjög fallegt útsýni er á þessari leið. Farið er upp rétt utan við Ós frá vegi (64°45,75-14°03,40) og upp í Stuttadal. Hann er genginn á enda en fyrir botni hans rísa Sátur (716 m). Milli Stuttadals og Krossdals otar Goðaborg kolli sínum fram að sjó.*This route onto Ósfjall and the Goðaborg crest (623 m) offers beautiful views. Beginning at the road (64°45.75-14°03.40) just east of Ós farm, walk up Stuttidalur valley, with Sátur summit (716 m) rising in front of you. Once onto the grassy heathland walk to the east and follow a mossy terrace all the way to the cliff face of the Goðaborg mountain peak, that overlooks the Breiðdalsvík area. A beautiful view in a good weather.*

34. Stigi *(path)* - Krossdalur *(valley)*, 4.5 km. 2 klst/*hrs*
- Hækkun/*Rise in elevatio*n 300 m.
Gönguleið inn Krossdal í Breiðdal og inn fyrir Bæjarhnjúk. Farið er af stað við Krossá (64°44,83-14°00,71) og gengið sem leið liggur upp með ánni inn Krossdal, og síðan inn fyrir Bæjarhnjúk, en niður brúnirnar er aðeins ein leið um svokallaðan Stiga. Gengið aftur niður að hringvegi, skammt fyrir innan eyðibýlið Streiti (64°43,15-14°02,51). *Leaving the road by the Krossá river (64°44.83-14°00.71), head up Krossdalur and then west of Bæjarhnjúkur peak. The only way down the steep slope below is named Stigi which simply means „ladder", (be careful). You reach the Ring Road again just west of the abandoned Streiti farm (64°43.15-14°02.51).*

35. Streitishvarf *(tip of peninsula)* 2 km. 1.5 klst/*hrs*
Mjög skemmtileg og létt gönguleið meðfram ströndinni við Streitishvarf. Gott er að ganga út frá afleggjara, niður að Streitisvita og með ströndinni í nágrenni vitans. Gæta skal varúðar á klettabrúnum við sjó. Undir bílastæðinu við Streitishvarfsvitann liggur merkilegt jarðfræðilegt fyrirbæri, en það er berggangur samsettur úr bæði basísku og súru bergi. Bæði norðan og sunnan megin við bílastæðið sést gangurinn niður við sjóinn þar sem hann kemur undan gróðrinum og er í 10 mínútna göngufjarlægð frá bílastæðinu í hvora áttina. *An enjoyable, easy route along the Streitishvarf coast. Depart at the turnoff, walk down to the lighthouse and continue along the shoreline. You have to take care on the cliffs along the shore. Below the parking lot of the Streitishvarf lighthouse lies a geological phenomena, a composite dyke composed of both mafic and felsic magma. The dyke crops out at the beaches in the north and the south, the parking lies right in between. The sites are about a 10 minute walking distance in either direction.*

36. Berunes *(farm, hostel)*
Frá Farfuglaheimilinu á Berunesi eru nokkrar gönguleiðir til fjalls og með sjó. Göngufólki er bent á að hafa samband við starfsfólk farfuglaheimilisins um nánari leiðbeiningar. *There are several walking trails leading from the Berunes Youth Hostel, either towards the mountains or the sea. Simply contact the people working at the Youth Hostel for more directions.*

37. Axlir, norðan við mynni Fossárdals *(North end of Fossárdalur valley)*
5 km. 2.5 klst/*hrs* Hækkun/*Rise in elevation* 100 m.
Upphafsstaður er við gistihús á Eyjólfsstöðum. Gengið er norðaustur eftir Bæjarásnum norður fyrir Sandbrekkulæk, þaðan er svo gengið út á klettabrúnir og eftir þeim þar til komið er í svokallað Stórgrýti (klofa þarf yfir tvær girðingar á þessari leið). Í bakaleið er rétt að hækka sig upp á Nauthúsjhalla sem liggur undir háum klettum og eftir honum heim undir Fossárdalsbæi (64°45,31,5-14°30,39,9). Önnur mjög stutt og falleg leið er merkt í Fossárklifum, en þar er svokallaður Arnarbólshjalli, 0,8 km, 15 mín. Upphafsstaður er melur, nyrst á neðsta hjalla í Fossárklifum (64°45,21,5-14°28,52,1). Þaðan er gengið eftir götuslóða með fallegt útsýni yfir Berufjörðinn og Strandafjöllin. *Leaving the Eyjólfsstaðir guesthouse, you head NE along the shoulder of Bæjarás. After passing the stream Sandbrekkulækur, you continue to the edge of the cliffs and follow them until reaching the rocks of Stórgrýti. This involves crossing two fences along the way. To return, it is best to go upwards onto the Nauthúshjalli shoulder, which lies beneath high cliffs, and follow it back to below the farmsteads in Fossárdalur valley (64°45.31.5-14°30.39.9). Another pretty, short route of only 15 min. goes along the shoulder Arnarbólshjalli and is 0.8 km long. At the northern end of the lowest shoulder (64°45.21.5-14°28.52.1) in the switchbacks going up into Fossárdalur, you will see a sign in a gravelly area where you can start walking along the old track, with its scenic view of the fjord and the mountains along its north shore.*

38. Hvítárdalur *(valley)* 6 km 2.5 klst/*hrs* Hækkun/*Rise in elevation* 560 m.
Gangan hefst á gömlum vegarslóða beint upp af bænum Urðarteigi (64°42,99-14°24,07), upp í mynni Sauðdals. Þaðan er svo gengið inn fláa og inn í Hvítárdal. Úr Hvítárdal þarf að ganga niður skammt innan við Hvítá niður Brattasnið. Þetta er eina færa leiðin niður úr dalnum. *Start off on the old vehicle track just above Urðarteigur farm (64°42.99-14°24.07) and hike into the lower end of Sauðdalur valley, before following the slope into Hvítárdalur valley. There is only one good way back down from the other side of the valley, which involves crossing Brattasnið, just north of the Hvítá river.*

Gönguleiðir sunnar má sjá á kortinu „Gönguleiðir í Djúpavogshreppi"
For routes south of Berufjörður, see the map "Hiking Routes in Djúpivogur Municipality

ÁHUGAVERÐ NÁTTÚRUFYRIRBRIGÐI
NATURE ATTRACTIONS

Breiðdalseldstöð *Breiðdalur central volcano*
Fleiri en 10 elstöðvar er að finna á Austurlandi og er Breiðdalselstöð ein af þeim. Hún hefur þann kost að vera mjög aðgengileg, en auðvelt er að ganga upp að og yfir hana og einnig keyra að og í kring. Það er einstök upplifun að geta skoðað sig um ,,inni í innviðum eldfjalls", eins og hægt er í tilfelli Breiðdalseldstöðvar, en jöklar á síðustu ísöld hafa rofið landslagið þannig að hægt er að sjá inn í kulnaða eldstöðina. Kjarni og aðalgígur eldstöðvarinnar eru í kringum fjallið Matarhnjúk (912 m), en fjallgarðurinn milli Breiðdals og Berufjarðar sem er m.a. myndaður af tindunum Stöng, Sletti, Smátindum, Flögutind og Berufjarðartind, voru einnig gígar eldfjallsins. Þeir eru gerðir úr rýólítbergi og eru því harðari en umhverfið, sem leiðir til þess að þeir standa veðrun betur af sér. Þess má geta að gönguleiðir 26 og 27 fara um nærumhverfi eldstöðvarinnar. *More than 10 central volcanoes can be found in East-Iceland and Breiðdalur central volcano is one of them. The benefit of this volcano is its accessibility. It is easy to drive close to the volcano and walk upto and over it and be able to examine the interiors of a central volcano. This can be done with the Breiðdalur central volcano because of erosion caused by glaciers of the last ice age, that made the landscape how it is today. The core and the central crater of the volcano are located around the mountain Matarhnjúkur (912 m) and the mountain ridge that divides the Breiðdalur valley and Berufjörður fjord is composed of many mountain peaks named Stöng, Slöttur, Smátindar, Flögutindur and Berufjarðartindur. These peaks are made of rhyolite volcanic rock, which is more tolerant to erosion. That is why it stands so tall in this environment. Trails number 26 and 27 go through the area of the Breiðdalur central volcano.*



Handteiknuð mynd sem sýnir staðsetningu Breiðdalseldstöðvar í núverandi landslagi, séð að sunnan. Teikningin í kassanum er eftir Walker 1963, en landslagssamhengi eftir M. Gasser. *Coloured hand sketch showing the spatial position of Walker's profile of the fossil Breiðdalur Central Volcano in a topographic profile of Breiðdalur valley. The mountain range along the valley is shaded slightly darker yellow. By M. Gasser after Walker, 1963.*



Fjallakeðjan á milli Berufjarðar og Breiðdals séð til austurs. Ljósa bergið á tindum og skriður þeirra er líparít. Tindarinr voru aðrennslisgígar Breiðdalseldstöðvar sem liggja á fyrirverandi slóða eldfjallsins. Frá vestur til austurs: Flögutindur, Smátindar, Röndólfur, Slöttur and Stöng. The mountain range between Berufjörður and Breiðdalur viewed to the east. The peaks with light coloured talus slopes are rhyolite vents and plugs, located on the eastern flank of the ancient Breiðdalur volcano. From west to east they are: Flögutindur, Smátindar, Röndólfur, Slöttur and Stöng. Mynd eftir/*Photo by* Skarphéðinn G. Þórisson 2013.

Sandfell *Sandfell laccolith*
Sandfell er líparítfjall sem stendur sunnan megin í Fáskrúðsfirði. Þegar líparítkvika treðst á milli hraunlaga myndast bergeitill eins og Sandfell er. bergeitillinn er talinn vera um 600 m þykkur og þykir eitt besta sýnishorn frá tertíertíma á norðurhveli jarðar. *The laccolith consists of rhyolite, and is located in the south Fáskrúðsfjörður fjord. This type of mountain is formed when rhyolite magma squeezes through lava beds and solidifies before it reaches the surface. The laccolith surfaced because of the erosion done by the glaciers of the last ice age. It is assumed to be about 600 meters thick, and is one of the best examples found in the tertiary lava beds in the northen hemisphere.*

Beljandi *(waterfall)*
Milli Brekkuborgarvatns og Mjóavatns er fossinn Beljandi í Breiðdalsá. Eiginlega eru fossarnir tveir, ytri og innri og samnefndir hyljir við. Hægt er að aka að Beljanda frá þjóðvegi 1. *A beautiful waterfall, named Beljandi is between Brekkuborgarvatn lake and Mjóavatn lake. To be specific, Beljandi is actually two waterfalls. It is possible to drive from road nr. 1 to the waterfalls.*

Saxa *(cliff face)*
Skammt frá eyðibýlinu Bæjarstöðum utan við Lönd er niður við sjó klettaskoran Saxa. Sérstakt náttúrufyrirbrigði, þar sem úthafsaldan gengur inn í klettaskoru og spýtist síðan hátt upp í loft í tilkomumiklum brimbosum. Nafnið mun vera af því dregið að þönglar og þari sem í gegn fara eru saxaðir í smátt. *A short way from the abandoned farm, Bæjarstaðir, is a cracked cliff face named Saxa. Saxa is a special natural phenomenon, where the ocean wave enters the crack with huge force and splashes impressively up into the air. The word ,,saxa" means ,,to chop", and when the wave enters the crack, it chops the seaweed into pieces.*



Saxa, M. Gasser 2014

Einbúi í Jafnadal *Einbúi in Jafnadalur valley*
Einbúi er svo til innst í Jafnadal sem gengur inn úr Stöðvarfirði. Einbúi samanstendur af nokkrum sérstæðum stórum steinum sem standa stakir í annars sléttu umhverfi. *The rocks Einbúi is in Jafnadalur valley, located in Stöðvarfjörður valley. Einbúi consists of few big rocks which stand alone, in an otherwise flat environment.*

Kambaskriður *Kambaskriður slopes*
Milli Breiðdals og Stöðvarfjarðar liggja þrennar brattar skriður ofan úr Súlum og var þjóðvegur lagður um þær 1962. Talið frá Breiðdal og austur út heita þær, Færivallaskriður, Hvalnesskriður og Kambaskriður. Kambanes er tilvalið til útivistar, enda er landslag þar mjög fagurt þar sem Súlurnar rísa tignarlega yfir. Sjá leið 21. *Between the Breiðdalur valley and the Stöðvarfjörður fjord lies a very steep slope. The main road was built through these slopes in 1962. Kambanes peninsula is the ideal place to enjoy the great outdoors, but the landscape there is extrordinary and the mountains rise majestically above. See trail nr. 21.*

Skrúður *(island)*
Úti fyrir austurströnd Fáskrúðsfjarðar eru þrjár eyjar, Æðasker, Andey og Skrúður. Skrúðurinn rís glæsilega hátt úr sjó eins og nafn hans ber merki um. Vel þekktar eru sagnirnar af bóndanum í Skrúðnum, en hann var einn þriggja bræðra, risanna í Skrúðskambi við Streitishvarf (leið 35) og í Papey. En þeir bræður sáu hver til annars og gátu kallað sín á milli. *Near the east coast of Fáskrúðsfjörður fjord are three islands, named Æðasker, Andey and Skrúður. Skrúður island rises majestecally above the sea and a story tells that there once lived a giant who had two brothers. One of them lived by Streitishvarf (trail 35), in the Breiðdalur valley and the other one in Papey island, near the Djúpivogur village. Apparently, the three brothers could always see, and shout to each other, despite of the distance between those places.*

Meleyri *(beach)*
Skammt fyrir innan Breiðdalsvík er víðáttumikil strandlengja sem kallast Meleyri. Þangað er tilvalið að fara í göngutúr og skoða sig um. *Right outside of Breiðdalsvík village is a rather broad coastline. It is just the ideal place to go for a walk and enjoy the magnificent nature all around.*

Streitishvarf *(end of peninsula)*
Undir bílastæðinu við Streitishvarfsvitann liggur merkilegt jarðfræðilegt fyrirbæri, en það er berggangur samsettur úr bæði basísku og súru bergi. Bæði norðan og sunnan megin við bílastæðið sést gangurinn niður við sjóinn þar sem hann kemur undan gróðrinum og er í 10 mínútna göngufjarlægð frá bílastæðinu í hvora áttina. Suðurendi berggangsins er aðgengilegri, en norðurendinn gefur hins vegar gott útsýni þar sem sést hvernig berggangurinn sker sig upp í gegnum basaltstaflann hinum megin í víkinni, Breiðdalsvíkurmegin (leið 35). *Below of the parking lot of the Streitishvarf lighthouse lies a geological phenomena, a composite dyke composed of both mafic and felsic magma. The dyke crops out at the beaches in the north and the south, the parking lies right in between. The sites are about a 10 minute walking distance in either direction. The southern outcrop is more accessible, but the northern one offers a great view of the dyke as it cuts through the whole mountain range further to the north, see also track 35.*

Streitshvarf samsettur gangur (rautt) séð til norður, gangurinn má sjá norðan við Breiðdalsvík. Streitishvarf composite dyke (red) seen to the north, it appears again in the mountain chain north of Breiðdalsvík bay. By M. Gasser 2013.

Blábjörg í Berufirði *(Blue Cliffs in Berufjörður)*
Friðlýst náttúruvætti. Björgin eru hluti af sambræddu flikrubergi sem myndaðist í gjóskuflóði frá súru sprengigosi. Blágrænan lit bergsins má rekja til myndunar klórítsteinda við ummyndun bergsins. Óheimilt er að hrófla við þessum jarðmyndunum. *A natural monument. Part of an ignimbrite layer formed during a pyroclastic eruption (explosive volcano). The bluish-green colour comes from the mineral chlorite, that formed during the alteration of the rock. It is forbidden to hammer the rock on any part of the formation.*

SÖGULEGIR STAÐIR / *HISTORICAL PLACES*

Gautavík *(farm)*
Gautavík er gömul verslunarhöfn og var ein aðalhöfn Austurlands, eða allt þar til að verslunin var flutt á seinni hluta 16. aldar yfir á Djúpavog. Í Gautavík er fjöldi rústa sem áhugavert getur verið að skoða. *This place used to be an old trading port and in fact, it was one of the main-harbours in East-Iceland, until the trade was relocated in the late 16th century to Djúpivogur village. In Gautavík you can find plenty of ruins and remains from this period, which can be interesting to explore.*

Höskuldsstaðir *(farm)*
Að Höskuldsstöðum var póstafgreiðsla allt til 1907 og því áttu landpóstarnir þar viðkomu á ferð sinni um Berufjarðarskarð. Höskuldsstaðir eru einnig fæðingarstaður og æskuslóðir fræðimannsins dr. Stefáns Einarssonar fv. prófessor við John Hopkins háskóla í Baltimore. Í heimagrafreitnum að Höskuldsstöðum er dufteski dr. Stefáns varðveitt, ásamt dufteski fyrri konu hans Margarete Schwarzenburg. (Sjá einnig Breiðdalssetur) *Back in the day, Höskuldsstaðir used to be the local post office until 1907 and the postmen would stop by on their way across the Berufjarðarskarð mountain pass (the old post road). The farm is also the birthplace of one of Iceland's most respected scholars, Dr. Stefán Einarsson, who was also a former professor at the University of John Hopkins in Baltimore. In Höskuldsstaðir's graveyard his ashes are buried along with the ashes of his first wife, Margarete Schwarzenburg (See also Breiðdalssetur).*

Jórvík *(forest)*
Á heimatúninu standa tveir gamlir bæir sem minnisvarðar um fyrri tíð, Jórvík og Lindarbakki. En í skóginum allt um kring má sjá framsýni íbúa sem að endingu gáfu Skógrækt ríkisins jörðina. *In the farm fields of Jórvík forest, stand two old farm houses called Jórvík and Lindarbakki, as a memorial of former times. The forest around these old farms is a noticable testament to the future vision the latest inhabitants had, who gave their land to the Icelandic forest service. At the time, forests around farm houses were not common in Iceland.*

Gamla Kaupfélagið - Breiðdalssetur – jarðfræði, málvísinda og sögusetur
Old Cooperative - Breiðdalssetur – Geology and heritage centre
Gamla Kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík stendur í hjarta þorpsins og er elsta húsið á staðnum, reist árið 1906. Í húsinu var rekin verslun Breiðdælinga fram á sjötta áratuginn, en einnig voru í því tvær íbúðir og á tímabili verbúð. Í dag hýsir húsið starfsemi Breiðdalsseturs, sem heldur úti sýningar um jarðfræði, málvísindi og sögu hússins, þorpsins og byggðarlagsins.Til dæmis eru sýningar um heimskunna jarðfræðinginn Dr. George P.L. Walker og málvísindamanninn og rithöfundinn Dr. Stefán Einarsson frá Höskuldsstöðum í Breiðdal, ásamt steinasýningu og fleiru sem vert er að skoða. *The old cooperative stands in the center of the Breiðdalsvík village and is the oldest house in the town. It was built in 1906 and housed the local store for the people of the Breiðdalur valley until 1956 as well as an apartment that was utilized until 1970. After that, the house was used for a range of activities including a sea men's home, a canteen and a storage facility. Today it houses a geology and heritage centre and represents exhibitions on that matter.*

Hafnarnes *(old village)*
Á 19. öld reis í Hafnarnesi þorp sem átti afkomu sína aðallega af sjósókn. Flestir munu íbúarnir hafa orðið rétt rúmlega 100 í upphafi 20. aldar. Samkvæmt fasteignarmati árið 1918 eru skráð 12 íbúðarhús í þorpinu, en byggðin lagðist að mestu niður á 7. og 8. Áratugnum. Í dag má finna þar ýmsar minjar um þessa byggð. *In the 19th century there was a small village located in Hafnarnes, with a population of about 100 people. In the sixties there were 12 houses in the village, but in the seventies most of the villagers moved away. Nontheless, you can still find all kinds of remains from that period.*

Stórkerald – Tyrkjaurð *Stórkerald and Tyrkjaurð scree*
Framan í fjallinu Steðja, sem er fyrir ofan Stöðvarfjarðarþorpið, er stór geil inn í fjallið sem heitir Stórkerald. Þangað er sagt að Stöðfirðingar hafi flúið undan Tyrkjum og rutt síðan yfir þá grjóti þegar þeir sóttu að þeim. Urðin framan við Stórkerald heitir því Tyrkjaurð. *In front of the mountain Steðji (located above the Stöðvarfjörður village) is a big breach in the mountain, named Stórkerald. Word has it that when the Turks invaded Iceland, the local people hid in that specific breach and then killed the invaders by pushing rocks over them. In the same place there's a scree, which was named Tyrkjaurð (Turk scree) after the invasion.*

Fáskrúðsfjörður (Búðakauptún) *Fáskrúðsfjörður the french village*
Í Búðakauptúni eru fjöldi gamalla húsa sem búið er að endurbyggja og setja þau skemmtilegan svip á bæinn. Ýmsar minjar eru þar frá dögum franskra sjómanna eins og bústaður franska konsúlsins, síðar héraðslæknisbústaður og nú ráðhús Búðahrepps. Kynnið ykkur Franska safnið á Fáskrúðsfirði. *In the village, there are many beautiful old houses that have been rebuilt and they sure put a lovely character to the place. Some houses of great importance from this time still exist, for example the house of the French Consul which now houses the town hall of the Fáskrúðsfjörður village.Visit the french museum in the village.*

L'Abri (Franski spítalinn) *L'Abri (A former french hospital)*
Franski spítalinn er stórt og reisulegt hús, sem eitt sinn stóð í Hafnarnesþorpi, en þangað var húsið flutt árið 1939 og notað sem fjölbýlishús. Nú hefur það verið fært þaðan og endurbyggt þar sem það upprunalega var reist, í Búðakauptúni (Fáskrúðsfirði) árið 1903, sem sjúkrahús fyrir franska sjómenn. *In Fáskrúðsfjörður village is a beautiful old house that will give you an extrordinary experience. Back in the day, the building housed a hospital for French fishermen, but now it has been rebuilt and houses the resturant, L'Abri. In a section of the building there is also a museum in memoriam of the French fishermen that lived in Fáskrúðsfjörður for a period of time.*

Franski kirkjugarðurinn *The french graveyard*
Nokkru fyrir utan Búðakauptún við Krosseyri í landi Kappeyrar, er kirkjugarður frá tímum franskra sjómanna við Íslandsstrendur. Í garðinum eru þekktar 49 grafir franskra sjómanna. *A short way from the village in Fáskrúðsfjörður, is a graveyard from the period of French fishermen in Iceland. There are known to be 49 graves of French fishermen there.*

Frekari upplýsingar um svæðið Further references on the area, in Icelandic:
Hjörleifur Guttormsson, Árbækur Ferðafélags Íslands 2002 & 2005.
Á netinu / On the Internet: www.breiddalssetur.is, www.breiddalur.is
Umsjón með útgáfu, kortagerð, skipulag textaskrifa og efnisval / Publication supervision, map production, writing arrangements and materials selection: Hafþór Snjólfur Helgason landfræðingur og Christa M. Feucht, framkvæmdastjóri Breiðdalsseturs ses, Breiðdalsvík.
Prófarkalestur / Editing: Christa M. Feucht, Arna Silja Jóhannsdóttir, Martin Gasser, Eyþór Friðbergsson, íbúar Breiðdalshrepps (inhabitants Breiðdalsvík and surroundings).
Þýðing / Translation: Sigurður Max Jónsson
Eftirtaldir styrktu útgáfuna / Publication supporters: Byggðastofnun,Breiðdalur til framtíðar, Göngufélag Suðurfjarða, Alcoa Fjarðaál, ferðaþjónustuaðilar í Breiðdal, Stöðvarfirði og Berufirði (touristic companies in Breiðdalur valley, Berufjörður & Stöðvarfjörður fjord)
Prentun / Printing: Héraðsprent, 2017.
Myndir / photos: Skarphéðinn G. Þórisson, Martin Gasser, Helga Hrönn Melsteð
Kortagrunnur / Map database: IS50V © Landmælingar Íslands.
Leiðréttingar og athugasemdir við texta og kort sendist til / Please send corrections and remarks regarding text and maps to: info@breiddalssetur.is
Útgefandi / Publisher: Breiðdalssetur ses.

Ferðist örugg úti í náttúrunni / Travelling safely through the wild
- Látið alltaf einhvern vita fyrirhugaða ferðaáætlun.
- Fyllið inn fyrirhugaða ferðaáætlun á safetravel.is.
- Snögg veðrabrigði geta orðið og því er nauðsynlegt að hafa meðferðis hlýjan og skjólgóðan fatnað. Hafið með áttavita eða GPS tæki.
- Gangið varlega í bröttum skriðum og varist grjóthrun.
- Athugið að ekki næst allsstaðar í GSM.
- FM-útvarp næst ekki allsstaðar en LW næst vel á 207 kHz.
- **Ef slys verður eða þörf er á aðstoð, komið þá boðum í 112**

- **Always tell somebody your travel plans.**
- **Enter information on these plans at www.safetravel.is.**
- **Weather can change quickly; therefore, it is essential to have warm, weather-tight clothing with you. Carry a compass or GPS device.**
- **Walk carefully in steep screes and avoid falling rock.**
- **Keep in mind that mobile phone signals do not cover the area.**
- **While FM does not reach everywhere, LW reception is good at 207 kHz.**
- **If an accident occurs or assistance is needed, dial 112**

safetravel.is
The official source for safe adventure in Iceland